

Fundur í Stjórn kolviðar 17. des 2018.

Mætt: Auður, Einar, Reynir, Rósbjörg og Jónatan.

1. Fundagerð síðasta fundar samþykkt.
2. Stefnunótunarskjal: "Íslenski pakkinn" settur inn. Finnum nýtt nafn og reiknum út hvernig hversu mikið þetta kostar. Þurfum að finna land sem hentar báðum þökkum. Reykholt gæti verið heppilegur staður en etv. erfitt á Skálholti og Mosfellsheiði. Krísuvík (GFF) gæti verið góður samstarfsgrundvöllur.

Rósbjörg bendir á grein frá Ara Trausta um að frádrátt frá tekjuskatti vegna kolefnisjöfnunar.

Skrifa undir stefnunótunarskjal á næsta fundi sem verður endurskoðuð.
3. Markaðsstaða

Klappir með 200 fyrirtæki. Möguleg jöfnun innheimt í gegnum Klappir. Á eftir að semja við Klappir um prósentu 4% núna og er líklega það sem verður ofan á fyrst um sinn.

Skrifstofa EU: Jafna 5 ár aftur í tímann, tóku þátt í að gróðursetja.

c. Bláa lónið: Pickups falla undir Kolvið. Verða með í Votlendissjóðnum líka. Ölgerðin er hjá Klöppum, verður líka hjá Votlendissjóðnum. Dohop vill selja "tré" til einstaklinga sem bóka hjá þeim.

Fengu póst frá South Pole, erlent fyrirtæki í kolefnisjöfnun, vill fara í samstarf við okkur.

Matorka: kolefnisjafnar brot af sinni losun. Þurfa að ræða við sína birgja um jöfnun.
4. Höfum ekki náð að setja niður allt sem átti að setja árið 2018 og eigum til fullt af plöntum.
5. Langtímasamkomulag við Skógræktarfélag Íslands? 4 ára samningur? Semja þarf við plöntuframleiðendur.

Starfskraftar: helst að fá útlendinga sem ekki fá vinnu heima hjá sér.
6. Landamál. Rætt hefur verið við Sí um nýtt land á Úlfjótuvatni. Mosfellsbæ um svæði á Mosfellsheiði. Skógræktarfélag Borgarfjarðar hefur fengið stækkun á landi í Reykholti. Verið er að leita að landi á Norðurlandi og víðar.
7. Ársfundur Kolviðar verður haldinn sem hádegisfundur í sal Garðyrkjufélagsins. Hugmyndir um að fá Umhverfissráðherra til að vera með ávarp. Kynna starf Kolviðar og fá fyrirlestur um bindingu/mælingu skóga.
8. Önnur mál.
Stjórnalaun verði kolefnisjöfnun á einkabíl allt að 5 tonn.
Félögin sem standa að Kolviði verði kolefnisjöfnuð frá og með 2019.